

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávarafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs:

1. Sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi undanþága gildir þó ekki um krabbadýr, nema þau sem veidd eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Heilan fisk, slægðan og hauseðan og flök af eftirtöldum tegundum sem veiddar eru í sjó: Alaskaufsa, þorski, karfa, kolmunna, grálúðu, ýsu, síld, sandkola, lindýr (*cephalopods*), skarkola og kyrrahafslax.

3. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 192, 14. mars 2002, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 780/2001.

1. gr.

3. töluliður d-liðar 1. viðauka JAR-OPS 1.980, í II. hluta, skal hljóða svo:

Áður en flugmenn fá þjálfun og hefja starfrækslu annarrar tegundar eða afbrigðis skulu þeir hafa lokið þriggja mánaða og 150 fartíma flugi á grunnflugvélina, þar á meðal að minnsta kosti einu hæfniprófi flugrekanda.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 145. gr. og ákvæða IX. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.